


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	ENS 303 - fjarnám	
	Kennsluáætlun haustönn 2014	

<p>Textar og orðmyndun Unnið með texta og orðmyndun í textahefti.</p> <p>Skáldverk – smásaga Smásagan "<i>Bloodflowers</i>" lesin og verkefni unnið úr henni.</p>	<p>Ýmis verkefni tengd textum og orðmyndun unnin á Moodle.</p> <p>Smásöguverkefni (5%).</p>
---	--

Vægi námsþátta:

Skáldverk	Ritunarverkefni (10%), þátttaka í umræðupráðum (Forums) (10%), spurningaverkefni (5%).	25%
	Smásaga / Verkefni	5%
Ritun	Ritgerð byggð á efnisyfirlingum (15%). Skil á beinagrind (2,5%), skil á uppkasti (2,5%)	20%
Verkefni	Verkefni (quiz) unnin á Moodle	10%
Skriflegt	Lokapróf úr textum og orðmyndun	40%
Samtals:		100%

Lágmarkseinkunn í áfanganum er 5 (þ.e. 45% til 54% markmiða náð).

Verði nemandi uppvís að ritstuldi við samningu ritgerðar eða annarra verkefna fær hann einkunnina 0,0 fyrir viðkomandi verkefni.

Endurtekin brot geta varðað brottvikningu úr áfanganum.

Próf:


Próf er tekið í skóla í heimabyggð nemandans. Það er tekið í fyrri hluta desember á haustönn, en í fyrri hluta maí á vorönn. Gefin verður út próftafla þar sem prófdagur fyrir þennan áfanga verður tiltekinn. Athugið að komi til þessa að próftökustaður krefjist próftökugjalds af nemanda, semur nemandinn sjálfur um það og stendur skil á því við hlutaðeigandi aðila. Próftökugjald er ekki hluti af því gjaldi, sem greitt er til VMA. Kennari nemandans gerir nemandanum grein fyrir niðurstöðu prófsins, þegar fyrirgjöf fyrir það er lokið. Greinargerðin, ásamt einkunn, er send nemanda í tölvupósti. Auk þess er einkunn færð inn í bókhald skólans. Nemandi getur fengið útskrift skólaferils síns frá skrifstofu skólans.

Réttur til breytinga áskilinn.


Dagsetning: 1. september 2014



Undirritun kennara



Undirritun brautarstj., fagstj. eða staðgengils

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Sambykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	ENS 303 - fjarnám Kennsluáætlun haustönn 2014	

Kennarar	Anna Berglind Pálmadóttir	Sk.st.	ABP
-----------------	---------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Áhersla er lögð á að nemendur verði betur læsir á flóknari texta en í undanfarandi áföngum og geti greint dýpri merkingu þeirra. Lesin verða bókmenntaverk, þ.á.m. ein óstytt skáldsaga (val milli tveggja). Lesnir verða textar tengdir menningu og þjóðlífi. Lögð er áhersla á að nemendur geti tjáð skoðanir sínar á skýran og rökrænan hátt í ræðu og riti. Farið verður ítarlega í uppbyggingu efnisgreina og ritgerða. Gert er ráð fyrir að nemendur kunni og geti beitt helstu grunnmálfræðireglum enskrar tungu við lok áfangans án þess þó að um skipulega málfræðikennslu sé að ræða.

Markmið:

- ☞ Að nemandi geti lesið flókna texta um margvísleg málefni
- ☞ Að nemandi geti túlkað texta og áttað sig á dýpri merkingu hans
- ☞ Að nemandi læri og tileinki sér aðferðir við ritun efnisgreina og ritgerða
- ☞ Að nemandi geti tjáð sig skipulega og skapandi í rituðu og töluðu máli
- ☞ Að nemandi þjálfist í að vinna sjálfstætt og í hóp
- ☞ Að nemandi þjálfist í notkun tengiorða og samheita og orðmyndun í rituðu máli

Námsgögn:

Allt námsefni, utan skáldsagna, er á Moodle, þ.m.t. smásagan "Bloodflowers", ásamt öðru ítarefni frá kennara.

Valbækur:

Harper Lee, *To Kill a Mockingbird*, (allar óstyttar útgáfur)

Ray Bradbury, *Fahrenheit 451*, (allar óstyttar útgáfur)

Yfirferð:

Almennt	Verkefni
Ritun Undirbúningur ritgerðar. Fjallað um samningu efnisgreina og ritgerða.	Nemendur skila beinagrind að ritgerð (2,5%) í lok 2. viku og síðan grófu uppkasti með tékklista (2,5%) í lok 3. viku. Að lokum skila þeir fullunninni ritgerð sem byggð er á efnisyrdingu (thesis) og upp sett á hefðbundinn máta (15%) í 4. viku.
Skáldverk - skáldsaga Lesin skáldsaga og unnið með hana – Spurningaverkefni og umræður á Moodle til undirbúnings fyrir ritunarverkefni.	Ritun (10%), umræður (10%) auk spurningaverkefna (5%).